



Reykjavík, 5. apríl 2018

## Niðurstaða athugunar á aukagreiðslum Landsbankans hf. til starfsmanna

Fjármálaeftirlitið hefur haft til athugunar hvort Landsbankinn hf. hafi brotið gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (fftl.), og 3. gr. reglna nr. 700/2011 og 3. gr. reglna nr. 388/2016, um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, með því að hafa á árunum 2014 til 2016 greitt hluta af starfsmönnum sínum aukagreiðslur sem komu til viðbótar föstum launum þeirra án þess að það hafi verið gert á grundvelli kaupaukakerfis.

Upphaf málsins var tilkynning frá Landsbankanum um að til skoðunar væri hjá bankanum hvort aukagreiðslurnar samræmdust reglum nr. 388/2016, um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að á árunum 2014 til 2016 greiddi Landsbankinn hluta af starfsmönnum sínum aukagreiðslur sem komu til viðbótar föstum launum. Greiðslurnar féllu til á öllum sviðum bankans, og vísaði bankinn til þess að þær væru tilkomnar vegna tímabundins álags í starfi, en hvorki var vísað til umræddra greiðslna í ráðningarsamningum né voru gerðir sérstakir skriflegir viðaukar við ráðningarsamningana vegna þeirra. Alls námu greiðslurnar 85 milljónum króna á þriggja ára tímabili og voru þær greiddar til 76 starfsmanna. Hvorki bankastjóri né framkvæmdastjóri bankans fengu slíkar aukagreiðslur.

Fjármálaeftirlitið byggði á því að skilgreining á kaupauka, sem finna má í lögum um fjármálafyrirtæki og áðurnefndum reglum, gerði ráð fyrir því að starfskjör starfsmanna fjármálafyrirtækja féllu í annan tveggja flokka: fastra starfskjara eða kaupauka. Ekki væri um aðra flokka að ræða. Til þess að aukagreiðslur gætu talist föst starfskjör þyrfti endanleg fjárhæð eða umfang að liggja fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að Landsbankinn hf. hefði ekki sýnt fram á að tiltekna aukagreiðslur gætu talist til fastra starfskjara, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang lá ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram, og þær hafi því falið í sér kaupauka. Þá lá fyrir að Landsbankinn var ekki með kaupaukakerfi í skilningi 57. gr. a fttl. og greiðslurnar voru því ekki inntar af hendi á grundvelli slíks kerfis. Landsbankinn hf. hefði þar af leiðandi brotið gegn 57. gr. a fttl., 3. gr. reglna nr. 700/2011 og 3. gr. reglna nr. 388/2016, um kaupaukakerfi, með því að hafa árunum 2014 til 2016 greitt hluta af starfsmönnum sínum aukagreiðslur sem komu til viðbótar föstum launum þeirra án þess að það hafi verið gert á grundvelli kaupaukakerfis.

Við mat á því hvort beita skyldi viðurlögum í málinu var m.a. horft til þess að Landsbankinn hafði gert líklegt að aukagreiðslurnar hefðu verið inntar af hendi vegna tímabundins álags í starfi. Þá voru greiðslurnar óverulegar sem hluti af heildarlaunakostnaði bankans á þeim árum sem voru til skoðunar. Ennfremur sýndi bankinn samstarfsvilja og hafði, áður en niðurstaða málsins lá fyrir, horfið frá umræddu fyrirkomulagi við greiðslu álagsgreiðslna og tekið upp vinnureglur sem miða að því að tryggja samræmt verklag og betri skjölun með samþykki starfskjaranefndar og aðkomu innri endurskoðanda.

Með hliðsjón af framangreindu var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að beita viðurlögum vegna brotsins, auk þess sem það var mat stofnunarinnar að bankinn hefði þegar gripið til fullnægjandi úrbóta.